

# EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	28.8.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	SORPA Álfsnesi	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Álfsnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	5105881189	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Gnýr Hjarðar	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Helgi Jónsson	<b>Staðsetning</b>	366624,722 412355,277

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að bregðast við ábendingum um lyktarmengun og fylgja eftir úrbótum á frávikum sem komu fram í reglubundnu eftirliti þann 12.júní sl.

1. Tímasett áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun hefur ekki borist Umhverfisstofnun. Rekstraraðili hefur vísað í eigendasamkomulag á heimasíðu Sorpu en Umhverfisstofnun telur það ekki fullnægja kröfum um tímasetta áætlun.

2. Í skoðunarferð um svæðið sást að búið var að birgja stál í urðunarreinum, en í starfsleyfi SORPU er kveðið á um birgja skuli baggastæður a.m.k. í lok hverrar vinnuviku.

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en tvær athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á stuttum fundi þar sem að rætt var um frávik sem skráð voru í síðasta reglubundna eftirliti þann 12. júní sl. Þá var farið yfir skráningar rekstraraðila á kvörtunum. Vel er haldið utanum skráningarnar í miðlægum gagnagrunni. Að lokum var ekið um svæðið og frágangur við urðunarreinar skoðaður.

## ATHUGASEMDIR

Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila í tölvupósti 23.júní sl. kemur fram að hreinsivirki við móttöku á lyktsterkum úrgangi (Gými 2) sé komið í fulla virkni. Í eftirlitinu kom fram að ekki er búið að setja upp mælubúnað sem sannreynir að hreinsivirkið virki sem skyldi. Jafnframt er lífsía (biofilter) sem er fyrirhugaður í framhaldi af blásara við hreinsivirki á hönnunarstigi.

Viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum hefur ekki verið samþykkt af Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins. Í eftirlitinu kom fram að áætlunin hefur ekki verið send til Slökkviliðsins.

Reykjavík, 22.09.2015

*Halla Einarsdóttir*

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.